

127. löggjafarþing 2001–2002.  
Þskj. 779 — 477. mál.

## Svar

dóms- og kirkjumálaráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möllers um flutning fjarvinnsluverkefna og starfa út á land.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvaða fjarvinnsluverkefni og hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins og stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins, sem heyra undir ráðuneytið, voru flutt út á land árið 2001, sundurliðað eftir ráðuneytinu, stofnunum og fyrirtækjum, svo og eftir stöðum sem verkefni og störfin voru flutt til? Enn fremur er óskað eftir skilgreiningu á umræddum störfum.*

Árið 2001 voru hvorki verkefni né störf á vegum ráðuneytisins flutt frá höfuðborgarsvæðinu til staða utan þess. Rekstur undirstofnana ráðuneytisins á sviði dóms- og lögreglumála utan höfuðborgarsvæðisins, sem eru 22 sýslumannsembætti, sex héraðsdómstólar og þrjú fangelsi, var í svipuðu horfi og árið 2000 hvað varðar verkefni og mannhald. Þess skal þó sérstaklega getið að stöðugildum lögreglumanna fjölgaði á árinu um eitt á Sauðárkróki og eitt í Borgarnesi.